

Skólaráðsfundur

7. febrúar 2018.

Mættir: Lovísa (umsjónakennari), Alferð(kokkur), Guðrún Soffía (skólastjóri), Áslaug (foreldri), Sigrún (deildarstjóri), Árnína (foreldri).

Skóladagatal

Guðrún Soffía fer yfir skóladagatal:

- Skólasetning færð aftur um einn dag til þess að hægt sé að bæta við einum skipulagsdegi. Skólasetning verður 23. ágúst.
- Vetrarfrí verður 18. og 19. október. Samræmt í Kópavogi. Umræða um hvort eigi að vera 4 eða 5 daga frí, vika. Umræða á fundi um kosti og galla vetrarleyfis.
- Fimm starfsdagar eru ákveðnir af stjórnendum í leik- og grunnskólum í okkar hverfi.
- Þemavika verður ekki viku fyrir páska á næsta skólaári, páskar eru mjög seint.
- Útvistardagar verða skertir í ár.
- Umræða um hvort hægt sé að hafa foreldraviðtal í lok skólaárs. Athugasemd gerð við lengd viðtala, hvort það þurfi að vera lengra. Þarf að komast betur til skila að foreldrar mega hafa samband við kennara þegar þeir þurfa, því það er ekki ákveðinn viðtalstími gefinn upp.
- Ábending að skólinn sendi póst um að hægt sé að foreldrar geti haft samband við kennara þegar þeir vilja.
- Skóladagatal einróma samþykkt

Ábending um að skákin sé að detta niður eftir að Birna fór í leyfi. Óskað eftir ársyfirliti. Aðrir fundargestir sammála um að skákin sé í góðum höndum og mikill áhugi innan skólans.

Bréf fór til Önnu Birnu vegna skólalóðar. Guðrún Soffía bendir á að svona bréf geti verið lengi í bæjarkerfinu áður en svar berist. Ákveðið að skólaráðið sendi ítrekun og biðji um upplýsingar um hvar bréfið sé stutt og árétti mikilvægi þess að það sé tekið fyrir sem fyrst. Guðrún Soffía ætlar að senda fyrirspurn varðandi málið.

Friðrik garðyrkjustjóri hafði samband varðandi skólalóðina. Farið var yfir leiktæki og eitt tæki tekið niður þar sem það var bilað. Hann bendir á að það þarf að tilgreina hvaða tæki það eru sem við viljum fá á skólalóðina. Málefni skólalóðar eru í vinnslu.

Áslaug bendir á að mörg börn eru að slasa sig á skólalóðinni og því mikilvægt að gripið sé til aðgerða.

Faðir sem er í bæjarráði kom að máli við Guðrúnu Soffíu vegna skólalóðar. Guðrún kom því áleiðis að setja þurfi upp girðingu svo börnin geti ekki rent sér fram af steinum á baklóð skólans.

Guðrún Soffía kemur inná að húsnæðisbygging klárast í vor og þá er ekki hægt að segja að skólalóðin sé byggingasvæði lengur. Viljum því sjá frekari framkvæmdir á lóð og fleiri leiktæki fyrir börnin.

Sigrún deildarstjóri yngsta stigs kynnti vinaliðaverkefni.

Kynnti verkefni, markmið og áherslur. Fer yfir og kostnað og mikilvægi þess að finna rétta starfsfólkið í þetta verkefni. Þar sem verkefnið hefur ekki gengið, hefur fólk tekið það að sér sem hefur ekki sinnt því af heilum hug.

Ábending að sækja í samfélagssjóði.

Foreldri minnir á að fá 10. bekkinn til að vera með leiki úti og fá greitt fyrir.

Spurning að gera bréf til að sækja um styrki til foreldra og fyrirtækja. Áslaug og Árnína ætla að semja bréf og sækja um styrki. Sigrún vinnur bréfið með þeim og sér um að bæta við áherslum skólans.

Öskudagur, skipulag kynnt.

Köttur ekki slegin úr tunnunni. Hringekju dagskrá.

Áslaug ætlar að senda á Þorvar beiðni um að ítreka að senda á foreldra bréf til að kynna öskudag.

Önnur mál

Ábending um að það vanti félagsstarfskennara til að undirbúa nemendur undir fund.

Fundið slitið kl.9.20

Fundarritari,

Sigrún Brynjólfsdóttir deildarstjóri yngsta stigs.